



Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-12
105 Reykjavík

Reykjavík 10. september 2025
2025090130

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 1133/2024 í skipulagsgátt, breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 - Keldur og nágrenni. Kynning tillögu á vinnslustigi

Vísað er til máls nr. 1133/2024 í skipulagsgátt, breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 - Keldur og nágrenni. Kynning tillögu á vinnslustigi. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn

HER vill byrja á að ítreka ábendingu úr fyrri umsögn sinni um aðalskipulagsbreytinguna, dags. 13. nóvember 2024, um hættu á menguðum jarðvegi á skipulagssvæðinu. Í umhverfismatsskýrslu undir kaflanum Mengun í jarðvegi er rætt um möguleikann á miltisbrandsgröfum og urðun dýrahæja í Keldnalandi en ekki minnst á hugsanlegar jarðvegsmengun annarsstaðar á skipulagssvæðinu. Árið 2002 fékk HER upplýsingar frá fyrrum starfsmönnum á Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) um að úrgangur frá rannsóknastofum í Keldnaholti hafi verið urðaður í gryfju í nágrenni húsanna. Ekki fengust upplýsingar um nákvæma staðsetningu þessarar gryfju en fram kom í ábendingunni að í gryfjunni hafi farið efnaúrgangur, lífrænn úrgangur auk ýmis annars úrgangs sem til féll við starfsemina. Mögulega voru fleiri en ein gryfja notuð. HER leitaði upplýsinga um í hvaða farveg samsvarandi úrgangur hefði farið frá tilraunastöðinni að Keldum en ekki fengust fullnægjandi upplýsingar um það. Þar sem Keldur, eins og Keldnaholtið, var á sínum tíma fjarri byggð og almennt þjónustu má leiða líkum að því að einhver urðun á úrgangi hafi farið þar fram umfram mögulega urðun dýrahæja sem rædd var áðan. Framkvæma þarf forkönnun á svæðinu og í kjölfarið fara í sýnatökur ef möguleg menguð svæði finnast. Finnist mengun ekki áður en uppbygging hefst þarf að gera ráð fyrir því í útboðsgögnum og framkvæmdaleyfum að mögulegt sé að slík mengun sé til staðar og skilyrða þarf að haft sé þegar samband við HER ef grunur er um að komið sé niður á mengun.



Þá vill HER benda á að laga þarf kaflann um loftmengun í umhverfismatsskýrslu. Vísað er til þess að Umhverfis- og orkustofnun (UOS) fylgist með loftgæðum og sé mælir staðsettur í Grafarholti. Tekið er fram að ekki hafi verið farið yfir leyfilegt ársmeðaltal fyrir brennisteinsvetni skv. mælingum en tilgreint hve oft hafi verið farið yfir klst. gildi árin 2020 og 2021. HER bendir hér á að umrædd mælistöð er rekin af Orku náttúrunnar, ekki UOS, og vaktar eingöngu brennisteinsvetnismengun frá jarðhitavirkjunum við Nesjavelli og á Hellisheiði. Engin mælistöð UOS er í nágrenni skipulagssvæðisins. Engin klst. gildi eru tilgreind fyrir brennisteinsvetni í reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti og því óljóst hvers er verið að vísa til varðandi klst. gildi í kaflanum. Ekkert er fjallað um aðalloftmengunaruppsprettuna á svæðinu sem er umferð um Vesturlandsveg og Víkurveg. Svifryksmengun og köfnunarefnisdíoxíðsmengun frá þessum stóru stofnbrautum hafa áhrif á skipulagssvæðinu. Ljóst er því að uppfæra þarf kaflann með umfjöllun um loftmengun frá umferð og lagfæra umfjöllun um brennisteinsvetni. HER hafði loftgæðamælistöð árið 2014 við leikskólann Sjónarhól við Völundarhús 1 og sýndu mælingar hækkuð svifryksgildi í tengslum við umferðartoppa. Æskilegt væri að setja skilyrði í skipulag um trjágróður milli byggðar og stórra umferðargatna til að draga úr svifryksmengun.

Fjallað er um hávaðamengun í umhverfismatsskýrslu og kemur fram að umferðarhávaði mun fara yfir mörk á skipulagssvæðinu næst Víkurvegi og Vesturlandsvegi. HER vill ítreka frá fyrri umsögn að sé ekki unnt að ná hámarkshljóðstigi skv. töflu I í viðauka hávaðareglugerð þurfa skipulagsyfirvöld að beita undanþáguákvæði í 5. gr. hennar en þá þarf að taka fram í skilmálum skipulags að beita eigi slíkri undanþágu. Lágmarkskrafa fyrir íbúðir er flokkur C skv. íslenskum hljóðvistarstaðli og þurfa íbúðir að hafa eina hljóðláta hlið þar sem hávaði fer ekki yfir 50 dB(A). Þá bendir HER á að þar sem dvalarsvæði eru skilgreind á lóð þarf að uppfylla kröfuna um að hljóðstig fari ekki yfir 55 dB(A).

Hvað varðar áhrif uppbyggingarinnar á vatn þá þarf að mati HER að taka tillit til ábendinga í fyrri umsögn þar sem HER benti á að fyrir þann hluta uppbyggingarsvæðisins sem liggur að Úlfarsá ætti lágmarksfjarlægð mannvirkja frá ánni ætti að vera 50 m, sem er sú stefnumörkun sem sett var í aðalskipulag sem verndarsvæði áa og vatna. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur setti árið 2000 viðmiðunarmörk um 100 m fjarlægð mannvirkja við ár og vötn. Skoða þarf vel aðstæður þegar ákvörðuð er hæfileg fjarlægð nýrrar byggðar frá ánni. HER vill einnig ítreka



Úlfarsá var ástandsflokkuð árið 2009 í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Skv. reglugerðinni er sveitarfélögum skylt að halda ástandi vatns í sama ástandi og við flokkun eða bæta ástand þess ef það fyllir ekki kröfur, ekki er heimilt að láta gæði vatnsins rýrna. Mikilvægt er því að meta hugsanleg áhrif framkvæmda og byggðar á ánnu og gera þarf ráð fyrir hreinsun ofanvatns, ekki bara með blágrænum ofanvatnslausnum heldur einnig frekari hreinsibúnaði t.d. settjörnum, olíuskiljum og sandskiljum. Fyrirhuguð uppbygging má ekki rýra vatnsgæði. HER saknar þess að sjá umfjöllun um þessi atriði í umhverfismatsskýrslu og greinargerð. Þó fjallað sé um nauðsyn þess að hreinsa ofanvatns með blágrænum ofanvatnslausnum og rætt um tækifæri til hreinsunar vatns sem skipulagið skapi þá þarf að mati HER að koma nánar inn á fyrrgreinda þætti.

Fjallað er um það álag sem Grafarvogurinn og Grafarlækurinn eru undir vegna mengunar sem berst með ofanvatni í gögnunum og beitingu blágrænna ofanvatnslausna til hreinsunar. HER vill enn ítreka ábendingu úr fyrri umsögn og benda á að í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum mislægra gatnamóta Hringvegar, Víkurvegar og Reynisvatnsvegar að Reynisvatni frá árinu 2000 er tilgreint að setja eigi settjörn til hreinsunar á ofanvatni í Grafarvogi og skuli hönnun, hreinsun og viðhald vera í samráði við HER og þáverandi Náttúruvernd ríkisins. Umrædd settjörn var aldrei byggð en HER tók málið upp árið 2022 vegna ábendinga íbúa um ákvæði úrskurðarins og beindi því til Veitna ohf. sem hefur skoðað hönnun og mögulega staðsetningu. Horfa þarf til þess við skipulag og uppbyggingu á svæðinu að rými þarf að vera fyrir settjörn sem uppfyllir kröfur úrskurðarins auk þess sem líklegt er að fleiri tjarnir þurfi til að tryggja viðunandi og heildstæða hreinsun ofanvatns. Hvergi sér þess stað í gögnunum að tekið sé frá svæði fyrir settjarnir.

HER bendir einnig á að lausnir varðandi hreinsun ofanvatns, hvort um sé að ræða blágrænar ofanvatnslausnir, settjarnir eða annar hreinsibúnaður, þurfa að vera í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun Grafarvogs sem sett verður ef af friðlýsingu verður.



HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri